

# Fréttatilkynning

frá Smáralind ehf.

Sent Kauphöll Íslands hf., mánudaginn 28. mars 2008

## Ársreikningur Smáralindar ehf. 31.12.2007

Ársreikningur félagsins er nú í fyrsta sinn gerður í samræmi við alþjóða reikningsskilastaðla IFRS. Verslunarmiðstöðin er nú flokkuð sem fjárfestingareign og er hún metin á gangverði í samræmi við IAS 40. Eignin er metin með því að núvirða frjálst sjóðsflæði til framtíðar. Innleiðingardagur breytinganna var 1. janúar 2006. Við upptöku IFRS hækkar eigin fé félagsins í ársbyrjun 2007 um 5.195 mkr. eða úr 1.100 mkr. í 6.295 mkr.

Hagnaður Smáralindar ehf. árið 2007 nam 156 mkr. samanborðið við 238 mkr. árið 2006. Hagnaður fyrir matsbreytingar, afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 797 mkr. sem er um 7,5% aukning frá árinu 2006. Handbært fé frá rekstri nam 455 mkr. samanborðið við 342 mkr. árið 2006.

Heildareignir félagsins námu 15.237 mkr. þann 31.12.2007 en þær námu 16.181 mkr. í árslok 2006. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins var 6.451 mkr. Að teknu tilliti til víkjandi láns frá móðurfélagi var eiginfjárlutfallið 56%.

Í samanburðartölum hér á eftir eru ársreikningar 2004 og 2005 skv. íslenskum reikningsskilavenjum en IFRS gildir fyrir árin 2006 og 2007

Ársreikningar (mkr.)	2007	2006	2005	2004
Rekstrartekjur	1.515	1.389	1.259	1.148
Rekstrargjöld án afskrifta	718	647	575	546
Rekstrarhagn. fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)	797	742	684	601
Matsbreyting fjárfestingareignar	(119)	764		
Afskriftir	37	51	366	358
Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða	642	1.455	319	244
Hreinar fjármunatekjur/fjármagnsgjöld	(539)	(1.165)	(446)	(298)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	103	290	(127)	(54)
Hagnaður (Tap)	156	238	(101)	(43)
Heildareignir	15.237	16.181	10.029	10.300
Eigið fé	6.451	6.295	1.754	1.856
Víkjandi lán frá móðurfélagi	2.044	2.791	2.735	2.680
Eigið fé og víkjandi lán samtals	8.495	9.086	4.489	4.536
Handbært fé frá rekstri	455	342	443	209
Eiginfjárlutfall	42%	39%	17%	18%
Eiginfjárlutf. að teknu tilliti til víkjandi láns frá móðurf.	56%	56%	45%	44%
Veltufjárlutfall	0,91	0,64	0,48	0,59

Gestum Smáralindar fjölgaði um 9 % á milli árunna 2006 og 2007 og er það næst mesta fjölgun gesta milli ára frá opnun verslunarmiðstöðvarinnar. Velta í verslunum hefur á sama hátt aukist eins og undanfarin ár.

Í apríl s.l. hófst Norðurturninn ehf. (systurfélag Smáralindar ehf.) handa við byggingu svokallaðs Norðurturns á NV- hlutar lóðar Smáralindar og er gert ráð fyrir að framkvæmdum ljúki um haustið 2009. Við Norðurturninn verða um 800 bílastæði í bílastæðahúsi á þremur hæðum en hann verður tengdur Smáralind með tveggja hæða byggingu. Tilkoma Norðurturns ásamt annarri uppbyggingu í Kópavogsdalnum

mun hafa veruleg og jákvæð áhrif á alla starfsemi verslunarmiðstöðvarinnar til framtíðar.

Nánari upplýsingar veitir:  
Helgi M.Magnússon,  
framkvæmdastjóri Smáralindar ehf.  
sími 528-8000